

Nd.

10. Tillaga

til þingsályktunar um sölu Ólafsvallatorfunnar.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson og Einær Arnórsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að nota ekki heimild laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, og l. nr. 51, 11. júlí 1911, að því er snertir Ólafsvelli á Skeiðum ásamt hjáleigum.

Greinargerð

fyrir tillögu þessari felst í bræfi Ágústs sýslunefndarmanns Helgasonar í Birtingaholti, því er hjer er prentað orðrjett sem fylgiskjal.

Sönnun fyrir því, að skýrsla nefnds brjefs um ályktanir sýslufunda Árnessýslu 1916 og 1918 um mál þetta sje rjett, felst í ágripseftirritum þeim úr fundargerðum sýslunefndar Árnessýslu frá sömu árum, er fram eru lögð á lestrarsal Alþingis 1918.

Fylgiskjal.

p. t. Reykjavík, 15. apríl 1918.

Síðastliðin ár hefir presturinn á Ólafsvöllum haft í huga að ná kaupum á prestsetrinu Ólafsvöllum, ásamt 5 hjáleigum. Eru allar þessar jarðir nú í ábúð annara en hans.

Árið 1916 lagði hann fyrir sýslunefnd Árnesinga fyrirspurn um það, hvort hún teldi Ólafsvelli til þeirra jarða, sem ræðir um í 2. gr. kirkjujarðasölulaganna frá 16. nóv. 1907. Svvaraði nefndin því játandi með 13 atkv. móti 1 og lagði á

móti því að jörðinni yrði fargað úr opinberri eign. Var þannig komið í veg fyrir í það sinn að Ólafsvellir yrðu seldir.

Nú hefir presturinn risið upp aftur og lagt á ný hina sömu spurningu fyrir sýslunefndina viðvíkjandi Ólafsvöllum, og sýslunefndin hefir á nýafstöðnum fundi neitað með 8 atkv. móti 5 því, sem hún fyrir 2 árum hafði játað nær í einu hljóði, að Ólafsvellir teldust til þeirra jarða, sem ræðir um í 2. gr. kirkju-jarðasölulaganna.

Að fenginni þessari yfirlýsingu sýslunefndar mun presturinn nú leita til Stjórnarráðsins eftir kaupum á jörðinni.

Í allmörg ár hefir það verið ríkt í hugum manna á Suðurlandi, að hin mesta nauðsyn væri að koma þar upp góðum alþýðuskóla, og á nýafstöðnum sýslunefndarfundi í Árnessýslu var skorað á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um stofnun bændaskóla á Suðurlandi, austan fjalls.

Þegar litast hefir verið um eftir hentugri skólajörð, hefir valið helst lent á tveimur, Skálholti og Ólafsvöllum.

Engum kunnugum mun þó blandast hugur um, að Ólafsvellir eru hentugri skólajörð, þó sögulegar endurminningar mæli fremur með Skálholti, en það er nú í eign einstaks manns og mun ekki liggja á lausu.

Þegar áveitan úr Þjórsá yfir Skeiðin, sem nú er tekið að vinna að, kemur í framkvæmd, fá Ólafsvellir (með hjáleigunum) undir áveitu framt að 1000 teigum, eða nærri $\frac{1}{4}$ af öllu áveitusvæðinu, og er mikið af því landi vjeltækt. Þá hefir jörðin einnig mikið þurlendi og óþrjótandi túnefni. Getur því engum dulist, að hjer er um mikla framtíðarjörð að ræða.

Presturinn, sem sækir um kaup á jörðinni, er aldraður maður og hættur búskap fyrir mörgum árum. Er því bert að hann ætlar ekki jörðina handa sjálfum sjer til ábúðar.

Með því að jeg er einn þeirra manna, sem einlæglega óska þess, að góður alþýðuskóli risi upp á Suðurlandsundirlendinu, get jeg ekki hugsað til þess, að Ólafsvellir yrðu nú seldir úr þjóðareign og þeim má ske þar með komið í hendur bröskurum, sem gera þá óbyggilega, leyfi jeg mjer að snúa mjer til yðar, háttvirtu alþingismenn, og biðja yður að flytja nú hið fyrsta á Alþingi tillögu um að banna sölu á Ólafsvöllum.

Af því að jeg býst við, að ef til vill verði hraðað að leitast eftir kaupum á Ólafsvöllum, hefi jeg ekki ráðrúm til að fá fleiri menn í lið með mjer með þessi tilmæli til yðar, en jeg vænti, að ekki líði á löngu, þar til að fleiri koma fram með mótmæli gegn sölu á umræddri þjóðeign.

Brjefi þessu læt jeg fylgja útdrátt úr fundargerðum Árnessýslu 1916 og 1918, sem sýnir hvernig sýslunefndin litur á þetta mál.

Af sjerstökkum ástæðum, sem ekki koma þessu máli við, hafa sumir nefndarmennirnir skift um skoðun frá fyrri fundinum.

Virðingarfylst,
Ágúst Helgason
(frá Birtingaholti).

Til alþingismanna Árnesinga
herra Sigurðar Sigurðssonar og Einars Arnórssonar.